

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um
happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 700 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 8400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976, um möskvastærðir
botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni efra byrðis og 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.